

## REGLUGERÐ UM SVEITAKEPPNI GOLFKLÚBBA Í FLOKKUM KVENNA OG KARLA

### 1. gr.

LEK gengst árlega fyrir sveitakeppnum kvenna og karla 65 ára og eldri og karla 75 ára og eldri.

### 2. gr.

Stjórn LEK skal auglýsa mótið og hafa yfirumsjón með framkvæmd þess. Hún skal skipa menn í mótstjórn í samráði við viðkomandi klúbba a.m.k. einum mánuði fyrir mótið. Mótstjórn skal sjá til þess að a.m.k. einn dómari sé á hvern keppnisvöll. Framkvæmd mótsins skal vera í samræmi við lýsingu í viðauka I.

### 3. gr.

Stjórn LEK ákveður þáttökugjald í samkomulagi við viðkomandi klúbb og sér sá klúbbur um innheimtu. Þáttökugjald rennur til þess klúbbs er heldur mótið.

### 4. gr.

Þáttökutilkynningar skulu sendar LEK, lek@golf.is, mánuði fyrir fyrsta mótssdag. Þáttökugjald skal greiða eigi síðar en viku fyrir fyrsta mótssdag.

Mælst er til að leikmenn séu félagsmenn í LEK og hafi greitt árlegt félagsgjald.

Nöfn leikmanna skal tilkynna til mótstjórnar í síðasta lagi kl. 9:00 daginn fyrir fyrsta leikdag. Hafi þáttökutilkynning ekki borist í tíma er mótstjórn heimilt að gefa klúbbi 6 tíma frest, en að honum loknum telst sveitin hafa fyrirgert keppnisrétti sínum.

### 5. gr.

Almennir keppnisreglur og staðarreglur GSÍ skulu gilda í mótinu. Mótstjórn getur þó auglýst viðbætur og frávik ef þörf krefur. Jafnframt skal hún hafa eftirlit með merkingum vallar og holustaðsetningum. Þá getur mótstjórn ákveðið að fresta eða fella niður umferð eða umferðir vegna veðurs. Staðarreglur og keppnisreglur skulu vera fyrir hendi á æfingadegi.

### 6. gr.

Hver klúbbur sem sendir leikmenn á mótið skal tilnefna liðsstjóra. Liðsstjóri skal gæta hagsmuna keppenda viðkomandi klúbbs og koma fram fyrir þeirra hönd gagnvart mótstjórn, þó ekki umfram það sem golfreglur heimila. Liðsstjóri skal vera ábyrgur fyrir greiðslu þáttökugjalds.

### 7. gr.

Hver klúbbur má senda til keppni eina sveit í hverjum flokki. Heimild til þáttöku hafa leikmenn sem ná lágmarksaldri á keppnisárinu.

Í 1. deild karla 65 ára og eldri skulu sveitir skipaðar allt að 9 leikmönnum, þar sem 6 leika í hverri umferð. Heimilt er að kalla til tvo varamenn ef forföll verða í liðinu.

Í 2. deild karla 65 ára og eldri skulu sveitir skipaðar allt að 6 leikmönnum þar sem 4 leika í hverri umferð. Heimilt er að kalla til tvo varamenn ef forföll verða í liðinu.

Sveitir kvenna 65 ára og eldri og sveitir karla 75 ára og eldri skulu skipaðar 6 leikmönnum í 1. deild þar sem 4 leika í hverri umferð. Heimilt er að kalla til allt að tvo varamenn ef forföll verða í liðinu.

Hvert lið skal hafa liðsstjóra, en hann má jafnframt vera einn af leikmönnum liðsins. Liðsstjóri getur tilnefnt varamann í eigin forföllum.

Sækja má um heimild til stjórnar LEK til að tveir eða fleiri klúbbar sendi sameiginlega sveit til keppni ef ekki reynist unnt að manna sveit til keppinnar. Heimildin gildir aðeins í neðstu deild hvers flokks.

#### 8. gr.

Átta sveitir leika í hverri deild. Uppröðun sveita ræðst af úrslitum liðsins árs. Í deild skulu vera að lágmarki 3 sveitir.

Ef 8 lið eru skráð til keppni er liðunum skipt í tvo riðla A og B. Þar sem lið í sætum 1,4,5 og 8 keppa í A riðli og lið í sætum 2,3, 6 og 7 í B riðli.

Ef 7 lið eru skráð til keppni er liðunum skipt í tvo riðla A og B þar sem lið í sætum 1, 4, og 5 í A riðli og lið í sætum 2, 3, 6 og 7 keppa í B riðli.

Ef 6 lið eða færri eru skráð til keppni leika allir við alla í einum riðli.

Sveit sem hafnar í neðsta sæti fellur í aðra deild sé hún til staðar. Sigurlið í 2. deild keppir í 1. deild að ári.

#### 9. gr.

Leikfyrirkomulag er holukeppni án forgjafar.

Leikir í riðlakeppni ljúka með sigri eða jafntefli eftir níu holu leik.

Unninn leikur gefur eitt stig og jafntefli hálf stig.

Í 1. deild karla 65 ára og eldri skal leika einn fjórmening og fjóra tvímenninga og er hver umferð 9 holur.

Í 2. deild karla 65 ára og eldri, 1. deild kvenna 65 ára og eldri og 1. deild karla 75 ára og eldri skal leika einn fjórmening og tvo tvímenninga og er hver umferð 9 holur.

Úrslit ráðast af fjölda þeirra stiga sem sveitir hljóta í keppninni.

Tvö efstu liðin í hvorum riðli keppa innbyrðis um sigur, útsláttar keppni. Tvö neðstu liðin í hverjum riðli keppa um 5. - 8. sæti.

Ef leikir í riðlakeppni og leikir um 5. - 8. sæti eru jafnir eftir 9 holur skal leik hætt og hvort lið fær hálf stig. Sama gildir ef sex lið eða færri eru skráð til þátttöku og allir leika við alla.

Verði sveitir jafnar að stigum ræður fjöldi unninna fjór- og tvímenninga röðun liða. Ef enn er jafnt ræður innbyrðis leikur. Ef ekki fást úrslit eins og að framan greinir, skal leika bráðabana um röð. Hver sveit teflir fram einu fjórmenningsliði.

Í útsláttarkeppni (keppni um 1. - 4. sæti) skal leika alla leiki til úrslita. Leikinn er bráðabani ef jafnt er með keppendum eftir níu holur. Ef úrslit eru ljós milli sveitanna, þá teljast leikir jafnir sem er ólokið að leika.

#### 10. gr.

Liðsstjóri skal tilkynna liðsskipan skriflega til mótsstjórnar eigi síðar en kl. 20:00 daginn fyrir 1. umferð. Í síðari umferðum skal tilkynningin hafa borist mótsstjórn innan 30 mínútna eftir að leik viðkomandi sveitar lauk í umferðinni á undan.

#### 11. gr.

Í 4 sveita riðlum skulu sveitir leika þannig saman:

	1. umf.	2. umf.	3. umf.
1. rástími	2-3	2-4	3-4
2. rástími	1-4	1-3	1-2

Í 4. og 5. umferð leika tvö efstu lið hvors riðils um sæti 1-4 og tvö neðstu liðin leika um sæti 5-8.

Í 3 sveita riðlum skulu sveitir leika þannig saman:

	1. umf.	2. umf.	3. umf.
1. rást.	2-3	2-situr yfir	3-situr yfir
2. rást.	1-situr yfir	1-3	1-2

4. umferð. 2. sæti A – 1. sæti B  
1. sæti A – 2. sæti B

5. umferð. Lið sem tapa í 4. umferð keppa um 3. sæti, en þau sem sigrá keppa um 1. sæti.

Þau lið sem lenda í 3. og 4. sæti hvors riðils keppa um sæti 5-8 þannig:

1. Úrslit leiks liða úr riðlakeppninni standa.
2. 4. umferð. 4. sæti A – 3. sæti B  
3. sæti A – 4. sæti B
3. 5. umferð. 4. sæti B – 4. sæti A  
3. sæti B – 3. sæti A

Í 3 sveita riðlum fellur út ein umferð um neðri sætin.

#### 12. gr.

Sigurvegarar í efstu deild hvers flokks hljóta titilinn Landsmeistari LEK.

#### 13. gr.

Að öðru leyti gilda Móta- og keppendareglur GSÍ og Reglugerð um Íslandsmót golfklúbba í flokkum eldri kyllinga.

#### 14. gr.

Þannig samþykkt af stjórn LEK í mars 2026.

### VIÐAUKI I Framkvæmd og umgjörð

#### 1. Fánar

Á mótsstað skal flagga a.m.k. íslenska fánanum, fána LEK og fána klúbbsins þar sem

mótið fer fram. Auk þess skal flagga fánum þáttökuklúbba, ef slíkir fánar eru tiltækir.

2. **Ræsing**

Fulltrúi mótsstjórnar skal sjá um ræsingu allra ráshópa. Ræsir skal m.a. tryggja að réttir leikmenn séu ræstir út í hverjum leik, í samræmi við áður tilkynnta liðsskipan.

3. **Farartæki**

Leikmönnum er heimilt að nota golfbíla eða rafhjól ef þeir kjósa það.